

Reykjavík, 19. apríl 2004

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu (734. mál)


Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 29. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV telja nokkuð ljóst út frá eðli laga nr. 134/1995 og megininntaki þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér að það geti ekki átt að ná til fjármálaþjónustu, enda felur hún ekki í sér þá hættulegu eiginleika sem öryggisákvæðum laganna er ætlað að ná til.

Fram kemur í greinargerð að sú tilætlun að útvíkka lögin umfram það sem tilskipun EB nr. 95/2001 gerir ráð fyrir, þ.e. út fyrir vöruhugtakið, taki mið af þróun sem átt hafi sér stað á tveimur Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnlandi. Að mati SBV hlýtur að vera umhugsunarefni hvort rétt sé að ganga þetta langt meðan fleiri ríki hafa ekki fetað sömu leið. Í öllu falli er afar mikilvægt að taka af allan vafa um að fjármálaþjónusta og sambærileg þjónusta falli ekki undir lögin.

Vísa SBV einnig til umsagnar Samtaka atvinnulífsins um málið, en SBV eiga aðild að SA gegnum Samtök fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri